

## Fundargerð 333. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

**Fundarstaður:** Þingborg og í beinu streymi  
**Fundardagur:** Þriðjudagur 20. janúar 2026  
**Fundartími:** 17:00-18:15  
**Fundarmenn:** Árni Eiríksson, oddviti  
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri  
Walter Fannar Kristjánsson  
Harpa Magnúsdóttir  
Hjalti Guðmundsson

Árni Eiríksson oddviti setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Engar athugasemdir gerðar. Lagt til að taka lið 12, umsókn um framkvæmdaleyfi vegna efnistöku í Súluholtshjáleigu af dagskrá fundar og var það samþykkt samhljóða. Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð. Við upphaf fundar voru 4 aðalmenn mættir.

### 1. Fundargerð skipulagsnefndar nr. 316, dags. 19.12.2025:

#### a) Súluholt L216736; Staðsetning rofastöðvar; Fyrirspurn – 2512055

Lögð er fram fyrirspurn er varðar Súluholt L216736 í Flóahreppi. Í fyrirspurninni er óskað eftir afstöðu vegna staðsetningar á lóð undir rofastöð í landi Súluholts. *Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að taka jákvætt í erindið og óska eftir að unnin verði merkjalýsing fyrir lóð undir rofastöð.*

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við framlagða fyrirspurn og óskar eftir því að unnin verði merkjalýsing fyrir lóð undir rofastöð í landi Súluholt. Sveitarstjórn bendir á að kostnaður við gerð merkjalýsingar fellur á Rarik.

Samþykkt með 4 atkvæðum.

#### b) Langholt 2 L166249; Uppskipting í 6 lóðir; Fyrirspurn – 2512052

Lögð er fram fyrirspurn sem tekur til Langholts 2 L166249 í Flóahreppi. Í fyrirspurninni er óskað eftir því að skipta 20 ha spildu í 6 lóðir þar sem hver lóð er um 3,2 ha. *Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að taka jákvætt í erindið*

Sveitarstjórn Flóahrepps tekur jákvætt í framlagða fyrirspurn sem tekur til Langholts 2 L166249 þar sem óskað er eftir því að skipta 20 ha spildu í 6 lóðir þar sem hver lóð er um 3,2 ha.

Samþykkt með 4 atkvæðum.

Harpa Magnúsdóttir kom inn á fundinn.

#### c) Loftsstadir-Vestri L165512; Breytt stærð byggingarreita; Kúluhús-tjaldhýsi; Deiliskipulagsbreyting – 2510028

Lögð er fram tillaga deiliskipulagsbreytingar sem tekur til Loftsstada-Vestri L165512 í Flóahreppi. Í breytingunni felst að byggingarreitur B4 er færður til og þar verður heimilt að setja upp hús að hámarki 30 m<sup>2</sup> og gufu að hámarki 25 m<sup>2</sup>. Byggingarreitur B3 breytist í lögun og þar er heimilt að reisa 15 kúluhús sem er um 4,6 m í þvermál vestan við veginn. Austan við veginn er heimilt að setja upp þjónustuhús að hámarki 150 m<sup>2</sup>.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að viðkomandi breyting á deiliskipulagi svæðisins verði samþykkt með fyrirvara um ýtarlegri umfjöllun um hverfisvernd. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar breytingar á deiliskipulagi*

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagða breytingu á deiliskipulagi fyrir Loftsstaðir-Vestri L165512 þar sem byggingareitur B4 er færður til og þar heimilt að setja upp hús að hámarki 30m<sup>2</sup> og gufu að hámarki 25 m<sup>2</sup>. Byggingarreitur B3 breytist í löggun og þar heimilt að reisa 15 kúluhús sem hvert um sig er um 4,6 m í þvermál vestan við veginn. Austan við veginn er heimilt að setja upp þjónustuhús að hámarki 150m<sup>2</sup>. Einnig hefur verið bætt inn texta um að jarðrask verði sem allra minnst innan hverfisverndarsvæðis. Sveitarstjórn bendir á að kúluhús sem standa til lengri tíma, eru tengd við veitur svo sem rafmagn eða vatn og eru notuð allt árið eru skilgreind sem mannvirki og því háð leyfi byggingarfulltrúa og eru fasteignaskattsskyld.

Sveitarstjórn samþykkir að málið fái málsmeðferð á grundvelli 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar breytingu á deiliskipulagi.

Samþykkt með 5 atkvæðum

**d) Vorsabær L165516; Byggingarheimild; Gistihús mhl 13-16 – 2509057**

Móttekin var umsókn þann 18.09.2025 um byggingarheimild fyrir fjögur gistihús 30,6 m<sup>2</sup>, mhl 13 til 16 á jörðinni Vorsabær (L165516) í Flóahreppi.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að unnið verði deiliskipulag sem sýnir fyrirhugaða uppbyggingu á jörðinni.*

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að unnið verði nýtt deiliskipulag sem sýnir fyrirhugaða uppbyggingu á jörðinni.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**Fundargerð skipulagsnefndar nr. 317, dags. 14.01.2026**

**e) Mýrar 5 L238880; Mosamýri; Breytt heiti lóðar – 2601017**

Lögð er fram umsókn er varðar nýjan staðvísi fyrir L238880. Óskað er eftir því að Mýrar 5 fái nafnið Mosamýri.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að málinu verði hafnað þar sem að nýtt staðfang uppfyllir ekki skilyrði reglugerðar 577/2017 um skráningu staðfanga.*

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagða umsókn er varðar nýjan staðvísi fyrir L238880 og að landeignin Mýrar 5 fái nafnið Mosamýri.

Samþykkt með 5 atkvæðum

**f) Oddgeirshólar land L166270; Hitaveituhola OH-01; Framkvæmdarleyfi – 2601025**

Lögð er fram umsókn um framkvæmdaleyfi sem tekur til Oddgeirshóla lands L166270 í Flóahreppi. Í framkvæmdinni felst borun hitaveituholu við hliðina á núverandi holu (OH-01) í Leirföllum í landi Oddgeirshóla.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að útgáfa framkvæmdaleyfis verði samþykkt á grundvelli 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagða umsókn um framkvæmdaleyfi á grundvelli 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um að samþykki

landeigenda liggi fyrir. Framkvæmdaleyfið tekur til Oddgeirshóla lands L166270 en í framkvæmdinni felst borun hitaveituholu við hliðina á núverandi holu (OH-01) í Leirföllum í landi Oddgeirshóla. Skipulagsfulltrúa falið að ganga frá útgáfu framkvæmdaleyfis með viðeigandi skilmálum.

Samþykkt með 4 atkvæðum.

Harpa Magnúsdóttir vék af fundi við afgreiðslu málsins.

**g) Þingborg L166286; Íbúðabyggð ÍB5; Framkvæmdarleyfi – 2601028**

Lögd er fram umsókn um framkvæmdaleyfi sem tekur til íbúðabyggðar ÍB5 við Þingborg í Flóahreppi. Í framkvæmdinni felst gerð á nýjum götum við Þingborg og Þingmóa auk þess sem vegtengingu fyrir hverfið er breytt innan svæðisins við Þingborg.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að útgáfa framkvæmdaleyfis verði samþykkt á grundvelli 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagða umsókn um framkvæmdaleyfi á grundvelli 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Framkvæmdaleyfið byggir á gildandi aðal- og deiliskipulagi fyrir svæðið og nær yfir skilgreind verkmörk skv. útboðs- og verklýsingu sem unnin var af Eflu 01.10.2025. Í framkvæmdinni felst gerð á nýjum götum við Þingborg og Þingmóa og vegtengingu fyrir hverfið er breytt innan svæðisins við Þingborg. Undir framkvæmdina falla einnig framkvæmdir við kaldavatnsveitu og aðrar veitur meðfram núverandi aðkomuvegi og fráveitulagnir að hreinsivirki. Hreinsivirki er ekki hluti af framlagðri umsókn um framkvæmdaleyfi og ekki hluti af útboðs- og verklýsingu frá 01.10.2025.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**2. Afgreiðslur byggingarfulltrúa nr. 240, dags. 17.12.2025 og nr. 241, dags. 07.01.2026**

Lagðar fram til kynningar.

**3. Frá Veiðifélagi Flóamanna – Deiliskipulag íbúðabyggðar við Þingborg**

Fyrir liggur erindi frá Veiðifélagi Flóamanna er varðar deiliskipulag vegna íbúðabyggðar við Þingborg sem samþykkt var af sveitarstjórn Flóahrepps 30.11.2022. Óskað er eftir upplýsingum er varðar fyrirhugaðar framkvæmdir við íbúðabyggð í Þingborg sem og afriti af samráði við þá aðila sem við á.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að fela sveitarstjóra og skipulagsfulltrúa að svara erindinu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**4. Drög á málstefnu Flóahrepps**

Fyrir liggja drög að málstefnu Flóahrepps til fyrri umræðu. Málstefna er sett fram í samræmi við 130. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 en þar segir að sveitarstjórn skulu móta sveitarfélaginu málstefnu.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að vísa framlögðum drögum að málstefnu Flóahrepps til umfjöllunar í nefndum og stofnunum sveitarfélagsins. Að lokinni umfjöllun í nefndum og stofnunum og viðbrögðum við athugasemdum skal sveitarstjórn taka málstefnu til afgreiðslu í tveimur umræðum í sveitarstjórn.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**5. Drög að reglum um styrki til framboða í sveitarstjórnarkosningum í Flóahreppi**

Fyrir liggja drög að reglum um styrki til framboða í sveitarstjórnarkosningum í Flóahreppi.

Reglurnar eru settar fram til að tryggja jafnræði þeirra framboða sem bjóða fram til sveitarstjórnarkosninga í Flóahreppi.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagðar reglur um styrki til framboða sem bjóða fram í sveitarstjórnarkosningum í Flóahreppi og að upphæð í samþykktum reglum verði 100.000 kr.

Sveitarstjórn samþykkir að breyta orðalagi í 1. gr. og að fram komi að um sé að ræða framboðslista.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**6. Tekjuviðmið til afsláttar af fasteignagjöldum í Flóahreppi**

Fyrir liggja gildandi reglur um lækkun, niðurfellingu eða styrki vegna fasteignaskatts í Flóahreppi. Uppfæra þarf viðmiðunarfjárhæðir í gildandi reglum og birta á heimasíðu Flóahrepps.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að tekjuviðmið í 3. gr. gildandi reglna hækki um 3,9% á milli ára og skal miða við launavísitölu í desember 2025. Reglur um lækkun, niðurfellingu eða styrki vegna fasteignaskatts í Flóahreppi taka ekki öðrum breytingum. Reglurnar verði jafnframt sendar í bréfpósti á alla íbúa 67 og eldri.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**7. Erindi frá þorablótsnefnd vegna Þorablóts Flóamanna 2026**

Fyrir liggur erindi frá Hallfríði Ósk Aðalsteinsdóttur fyrir hönd þorablótsnefndar þorablóts Flóamanna 2026. Í erindinu er óskað eftir því að fá að greiða fasta upphæð fyrir húsaleigu eða að greiða 1000 kr. pr. miða upp að ákveðnum fjölda miða.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að húsaleiga verði 1000 kr. pr. seldan miða upp að 250 miðum. Innifalið í leigunni eru fundir og æfingar þorablótsnefndar í aðdraganda þorablóts og aðgangur að húsinu yfir helgina 6.-8. febrúar. Bókanir vegna funda, æfinga og undirbúnings í húsinu skulu vera í samráði við starfsmann á fasteignasviði og sama á við um frágang að lokinni leigu. Að auki samþykkir sveitarstjórn að greiða fyrir leigu á dúkum ef þeir eru leigðir af kvenfélögum innan sveitarfélagsins. Tækifærisleyfi, STEF gjöld, leiga á búnaði (annar en sá sem er þegar til hjá sveitarfélaginu) eru ekki innifalin í ofangreindri leigu.

Samþykkt með 4 atkvæðum.

Hulda Kristjánsdóttir vék af fundi við afgreiðslu málsins.

**8. Umsagnarbeiðni vegna umsóknar um tækifærisleyfi í Þingborg 07.02.2026**

Fyrir liggur beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn sveitarfélags vegna umsóknar frá Huldu Kristjánsdóttur kt. 3001843249 um tækifærisleyfi vegna þorablóts í Þingborg 7. febrúar 2026 frá kl. 19:00-04:00 aðfaranótt 8. febrúar.

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemdir við umsókn vegna tækifærisleyfis í Félagsheimilinu Þingborg frá kl. 19:00 dags. 07.02.2026 til 04:00 þann 08.02.2026. Farið er fram á að gestafjöldi fari ekki yfir 340 manns eins og leyfilegur fjöldi í veitingum er tilgreindur í gildandi rekstrarleyfi fyrir Þingborg.

Samþykkt með 4 atkvæðum.

Hulda Kristjánsdóttir vék af fundi við afgreiðslu málsins.

**9. Frá Samkeppniseftirlitinu – Beiðni um upplýsingar og gögn**

Fyrir liggur beiðni um upplýsinga og gögn frá Samkeppniseftirlitinu dags. 17.12.2025. Í erindinu leitar Samkeppniseftirlitið til sveitarfélaga í landinu og óskar eftir upplýsingum og afritum af gögnum er varðar úrgangspjónustu frá árinu 2019 og út árið 2025.

Sveitarstjórn Flóahrepps felur sveitarstjóra að svara erindinu og senda viðeigandi gögn á Samkeppniseftirlitið.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**10. Frá Creditinfo – Fjölmiðlaskýrsla fyrir árið 2025**

Fyrir liggur erindi frá Creditinfo þar sem Flóahreppi er boðið að kaupa fjölmiðlaskýrslu fyrir árið 2025.

Sveitarstjórn Flóahrepps telur ekki þörf á kaupum á fjölmiðlaskýrslu fyrir árið 2025 og hafnar erindinu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

#### **11. Frá Háskólafélagi Suðurlands – Nýsköpunarstefna Suðurlands**

Fyrir liggur erindi frá Háskólafélagi Suðurlands er varðar Nýsköpunarstefnu Suðurlands. Háskólafélag Suðurlands og Samtök Sunnlenskra sveitarfélaga hafa undirritað samning vegna áhersluverkefnisins „Nýsköpunarstefna fyrir Suðurland“ og er verkefnið styrkt af Sóknaráætlun Suðurlands. Óskað er eftir fulltrúa frá sveitarfélaginu til að taka þátt í mótun stefnunnar en einnig tekur byggðaðróunarfulltrúi neðri hluta Árnessýslu þátt í vinnunni. Sveitarstjórn Flóahrepps tekur jákvætt í erindið og samþykkir að tilnefna Svein Orra Einarsson og óskar eftir öðrum áhugasömum fulltrúa til vara. Sveitarstjóra falið að auglýsa eftir öðrum fulltrúa á heimasíðu sveitarfélagsins.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

#### **12. Erindi frá SASS – Tillaga að barnamenningardögum á Suðurlandi**

Fyrir liggur tillaga frá Samtökum Sunnlenskra sveitarfélaga um barnamenningardaga á Suðurlandi vorið 2026. Óskað er eftir þátttöku sveitarfélaga þannig að hægt verði að halda barnamenningardaga um allt Suðurland.

Sveitarstjórn Flóahrepps tekur jákvætt í samvinnu sveitarfélaga um sameiginlega barnamenningardaga á Suðurlandi og óskar eftir 1-2 fulltrúum úr íþróttá- æskulýðs- og menningarnefnd og ungmennaráði að taka þátt í sameiginlegri umræðu eða vinnuhópi um framhaldið.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

#### **13. Styrkbeiðni frá ME félagi Íslands**

Fyrir liggur styrkbeiðni frá ME félagi Íslands ásamt nánari upplýsingum um félagið. Sveitarstjórn Flóahrepps tekur jákvætt í erindið og þá vinnu sem félagið vinnur að til að vinna að velferð og réttindum fólks með ME á Íslandi. Sveitarstjórn samþykkir að styrkja verkefnið um 25.000 kr. á árinu 2026.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

#### **14. Fundargerðir**

- a) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 332, dags. 16.12.2025
- b) Stjórnar byggðasamlags UTU nr. 132, dags. 11.12.2025
- c) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 991, dags. 12.12.2025
- d) Stjórnar Bergrisans nr. 90 dags. 01.12.2025 ásamt uppfærðum reglum um NPA Sveitarstjóra falið að birta uppfærðar reglur Bergrisans um NPA á heimasíðu og tryggja að reglur birtist á heimasíðu Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls bs.
- e) Stjórnar Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum nr. 87, dags. 08.12.2025 Sveitarstjórn Flóahrepps fagnar því að lagafrumvarpi sé væntanlegt um jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku sem stendur til að leggja fram á vorþingi enda stór hluti sveitarfélagsins á köldu svæði. Sveitarstjórn leggur áherslu á mikilvægi þess að frumvarpið nái yfir fyrirtæki og einstaklinga.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

- f) Almannaþingarnefndar Árnessýslu dags. 15.10.2025
- g) Framkvæmdaráðs Almannaþingarnefndar Árnessýslu nr. 9, dags. 25.09.2025
- h) Stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands nr. 341, dags. 10.12.2025 og nr. 342, dags. 12.01.2026
- i) Fagneyfndar Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls nr. 5, dags. 13.01.2026 ásamt tillögum að reglum sem þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar (liður 1-3 í fundargerð) Varðandi lið 1 í fundargerð þá bendir sveitarstjórn á eftirfarandi í 2. gr.:

„Markmið reglna þessara er að tryggja eldri borgurum í Árneshöfði...“. Æskilegt væri að nefna sveitarfélögin sem standa að byggðasamlaginu undir greininni í stað Árneshöfðs.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagðar reglur um akstursþjónustu eldri borgara hjá Skóla- og velferðarþjónustu Árneshöfðs bs. með fyrirvara um uppfærðan texta í 2. grein.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

Varðandi lið 2 í fundargerð þá samþykkir sveitarstjórn framlagða tillögu að viðmiðunarreglum vegna einstaklingsstuðnings.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

Varðandi lið 3 í fundargerð þá samþykkir sveitarstjórn Flóahrepps framlagða tillögu að hækkun fjárhagsaðstoðar og breytingar á gjaldskrá velferðarþjónustu fyrir árið 2026. Sveitarstjórn kallar eftir því að í gjaldskrá verði notað íslenska orðið svæði í stað enska orðsins zone.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

j) Stjórnar Brunavarna Árneshöfðs árið 2025 (nr. 25-33)

Sveitarstjórn bendir á að æskilegt sé að fundargerðir berist jafnóðum til sveitarstjórna.

## 15. Efni til kynningar

- a) Endurskoðun aðalskipulags Flóa 2025-2037 – Samantekt frá íbúafundi 13.10.2025
- b) Málþing Allir með, dags. 30.01.2026
- c) Skipulagsskrá Sigurhæða sjálfseignarstofnunar
- d) Fundaáætlun SASS 2026
- e) Málþing um stefnu í málefnum fatlaðs fólks til framtíðar 23.01.2026
- f) Samstarfssamningur Flóahrepps og Ungmennafélagsins Þjótanda frá 23.12.2025
- g) Drög að reglugerð um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga
- h) Næsti fundur sveitarstjórnar verður 3. febrúar kl. 17:00.

*Árni Eiríksson (sign)*

*Walter Fannar Kristjánsson (sign)*

*Hjalti Guðmundsson (sign)*

*Hulda Kristjánsdóttir (sign)*

*Harpa Magnúsdóttir (sign)*